

Skák er skemmtileg

Fréttaskeyti Skákakademíunnar 9. tölublað 1. árgangur 21. desember



Veronika Steinunn Magnúsdóttir úr Taflfélagi Reykjavíkur er nemandi í Hagaskóla og leiðbeinir hjá Skákakademíu Reykjavíkur. Veronika mun tefla á Norðurlandamóti stúlkna sem fram fer í Svíþjóð í apríl. Veronika svaraði nokkrum spurningum:

Hver er uppáhalds liturinn þinn? Fjólublár.

Hvaða mat meturðu hvað mest? Hamborgarahryggur er bestur.

Hver er uppáhalds drykkurinn þinn? Vatn.

Hver er uppáhalds rithöfundurinn þinn? Suzanne Collins

Hver er best bók sem þú hefur lesið? Hungurleikarnir er án efa besta bók sem ég hef lesið.

Hver er uppáhalds bíómyndin þín? Allar Harry Potter myndirnar.

Hver er uppáhalds sjónvarpsþátturinn þinn? Gossip Girl, Friends og Glee.

Uppáhalds leikari? Leonardo Dicaprio.

Uppáhalds leikkona? Blake Lively.

Hvernig tónlist hlustarðu á? Allskonar, en aðallega popptónlist.

Hvert er besta mót ferilsins? Norðurlandamót stúlkna í Danmörku, var svo nálægt því að vinna!

Hver er besta skák þín á ferlinum? Mjög margar góðar, en man ekki í augnablikinu eftir einhverri sem stendur upp úr.

Hver er uppáhalds skákmaðurinn þinn? Pabbi og Karpov.

Hvaða skákbók hefur haft mest áhrif á þig? Fléttan.

Í hverju eru skákmenn sérstaklega góðir í? Hugsu fram í tímann.

Áttu þér hjátrú varðandi taflmennsku? Nei, slíkt er þvæla.

Hvert er besta skáklandið í heiminum? Rússland.

Hver værirðu til í að vera ef þú værir ekki Veronika Steinunn Magnúsdóttir? Fugl, því að þá gæti ég flogið.

Með hvaða þremur einstaklingum værirðu til í að fara út að borða með? Leonardo Dicaprio og Justin Bieber allavega, svo veit ég ekki alveg hver þriðji aðilinn væri.

Er eitthvað sem þú langar svakalega mikið að læra eða kunna? Mig langar að verða góð á skíðum, elska að fara á skíði.

Hvað óttastu? Hiklaust köngulær.

Hvaða hlut myndirðu bjarga úr eldi? Tölvunni.

Hver er besta setningin sem hefur verið sögð um skák? Ég veit eiginlega ekki um það, margar setningar.



Fjölmennt Jólamót Laugalækjarskóla

Það var heldur betur gaman að kíkja í Laugalækjarskóla fimmtudagsmorguninn 19. desember. Þá fór fram Jólaskákmót skólans með 80 keppendum sem er þriðjungur nemenda skólans. Allir þessir nemendur eru í skákvali í skólanum í hverri viku.

Laugalækjarskóli er einn allra mesti skákskóli landsins og mikil áhersla lögð á þátttöku nemenda og virkni sem flestra. Skáksveit skólans er ríkjandi Reykjavíkurmeistari og fyrir nokkrum árum varð skólinn Norðurlandameistari þrisvar sinnum í röð.

Það er sannarlega gaman að koma inn í svona skóla eins og Laugarlækjarskóla. Þar sem stjórnendur og kennarar eru meðvitaðir um ágæti skákiðkunar fyrir nemendur sína. Skólinn er vel búinn öllum búnaði og mikil þekking fyrir hendi um hvernig eigi að standa að kennslu og skákviðburðum.

Slíkum skólum fer nú fjölgandi um allt land og fleiri og fleiri að átta sig á jákvæðum áhrifum skákiðkunar á nemendur og þeirra námsgetu.

Fréttamoli fortíðar

Landsmótið í skólaskák fór fyrst fram árið 1979 að Kirkjubæjarklaustri. Sigurvegari í yngri flokki varð Halldór Grétar Einarsson og í eldri flokki Jóhann Hjartarson. Árið eftir varð Jóhann Íslandsmeistari í fyrsta sinn, aðeins 17 ára.


Landsmótið er fjölmennasta skákmót hvers árs og nær til allra landshluta. Undanmót í skólum, sýslum og kjördæmum hefjast á nýju ári.

Hér má lesa umfjöllun um mótið frá 1979:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pagelid=2866328

Skákþraut vikunnar

Hvítur mátar í tveimur leikjum!



Staðan kom upp á opnu móti í Júgóslavíu árið 1992. Pavel Reznicek hafði hvítt gegn nafna sínum Pavel Pohorsky.

Svarti kóngurinn er lokaður af úti í horni og hvítur finnur skemmtilega mátleið sem byggist á því að hrókurinn á f1 valdar hinn hrókinn í „gegnum“ svarta hrókinn á f6.

28. Hf8+ Hxf8

29. Hxf8 mát

Sagt um skák....

“Eins og ást og tónlist getur skák gert mann hamingjusaman” - Tartakower.

“Skák er lífið” – Fischer.

“Skák er allt í senn: vísindi, list og íþrótt” – Karpov.

“Skák er leikfimi hugans” – Pascal.

GLEÐILEG JÓL!